

L Ö G

36

12. júní

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „4 vikur“ í 1. tölulið 9. gr. b-lið komi: 3 mánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

37

12. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef almenningsheill krefur, að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til eru í landinu eða fluttar verða inn, meðan mikil hættu telst á, að styrjöld brjótist út í Norðurálfu, og meðan hún stendur yfir, ef hún brýzt út. Fyrirmæli þessi má einnig setja fyrir einstök byggðarlög eða kaupstaði, ef eigi telst þörf á, að þau taki til alls landsins. Ennfremur heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur þess brýna nauðsyn, að taka eignarnámi matvæli, eldsneyti eða aðrar einstakar nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, kaupfélögum, framleiðendum eða öðrum. Ofangreind fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum taka jafnt til úthlutunar á vörum í heildsölu til kaupmanna og kaupfélaga sem til úthlutunar í smásölu til einstaklinga.

Ríkisstjórnin ákveður, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur samkvæmt þessari grein.